

## **Skoðun á hrossum á Kúludalsá 22. ágúst 2011**

Undirrituð skoðaði þann 22. ágúst hross á Kúludalsá í Hvalfirði ásamt Vilhjálmi Svanssyni dýralækni. Alls var 21 hross heimavið þegar við komum á staðinn, þar af tvö lánshross og voru þau öll skoðuð. Þrjú hross til viðbótar voru á bænum en voru ekki heimvið. Forsagan er endurtekin veikindi allt frá árinu 2007. Ragnheiður Þorgrímsdóttir er umráðamaður hrossanna en hún rekur reiðskóla á jörðinni.

Hrossin voru í gerði með aðgang að heyi en þau höfðu fáeinum vikum áður verið tekin alveg af beit að ráði dýralæknis hrossasjúkdóma, eftir sjúkdómslýsingu símleiðis. Fram kom í máli Ragnheiðar að hrossin hefðu lítið verið notuð til reiðar sl tvö ár. Í fyrra dró hún mjög úr starfseminni vegna smitandi hósta [REDACTED]. Einnig hefðu umrædd veikindi gert það að verkum að mörg hrossanna nýttust ekki í reiðskólann. Engar góðar rekstrarleiðir eru í kringum bæinn. Hrossin hafa allt fram á þetta sumar verið á beit á gömlum túnnum og engjum við bæinn auk útjarðar fyrir ofan veg. Alla jafna hafa hrossin farið á gjöf í október.

Þegar fyrst bar á veikindum í hrossum á Kúludalsá, árið 2007, var það mat þess dýralæknis sem skoðaði hrossin, Hildar Eddu Þórarinsdóttur, að þau væru með hófsperru. Engin ástæða er út frá fyrirliggjandi gögnum að draga þá sjúkdómsgreiningu í efa.

Hrossin sem voru heima á Kúludalsá þann 22. ágúst voru á aldursbilinu þriggja vetra upp í 25 vetra, flest þó eldri en 10 vetra. Yngstu hrossin, Vigdís og Dagfari, voru áberandi feit (holdastig 4) og átti það líka við um einn 10 vetra gamlan hest, Feng. Þessi þrjú hross voru farin að safna fitu í makka þó ekki væri það mjög áberandi. Sókrates, 12 vetra, var einnig feitur og með all mikla fitusöfnun í makka en Dreyri, 22v, var feitur á síðu en makkinn eðlilegur. Önnur hross voru hæfilega feit á síðu, 3 – 3,5 að undanskilinni Litlu-Glóð 14 vetra sem var of grönn (holdastig 2) og Spólu 2v. sem var heldur grönn. Hrossin voru flest með töluverða og upp í mikla staðbundna fitusöfnun í makka en það einkenni bendir til þess að röskun hafi orðið á efnaskiptum hrossanna sem að mörgu leyti líkist sykursýki 2 í mönnum (Equine Metabolic Syndrome, EMS). Mörg þessara hrossa voru með einhver einkenni hófsperru, sum aðeins væg en önnur með krónískar breytingar. Engin önnur sjúkdómseinkenni sáust á hrossunum.

Efnaskiptaröskun í hrossum (EMS) eykur mjög hættuna á að hross fái hófsperru og kom það samhengi vel í ljós við skoðun á hrossunum á Kúludalsá. Ætla má að stirðleiki sá sem eigandi hefur lýst sem áberandi sjúkdómseinkenni megi að mestu leyti rekja til langvinnrar hófsperru sem virðist hafa þjakað mörg hrossanna tímabundið eða til lengri tíma.

Þar sem veikindin eiga sér allt að fjögurra ára sögu og kannski lengri, kemur ekki á ávart að sum þeirra hrossa sem lengst hafa lifað við þetta ástand séu farin að grennast á síðu. Fitan í makkanum situr þó eftir sem vitnisburður um offóðrun á fyrri aldurstigum.

**Efnaskiptaröskun í hrossum (EMS) orsakast fyrst og fremst af offitu og hreyfingarleysi.**

**Meirihluti hrossanna á Kúludalsá ber einkenni slíkrar röskunar sem kallar á endurskoðun á hestahaldi á bænum.**

**Erfitt er að lækna sjúkdóminn en eftir að hann hefur þróast verða hross sérlega viðkvæm fyrir auðleystum sykrum í fóðrinu. Það getur því þurft að taka þau af beit, a.m.k. tímabundið og beit ætti að einskorðast við útjörð. Hross sem auk þess hafa fengið alvarlega hófsperru og verða ekki nothæf til reiðar á ný ætti að aflífa til að koma í veg fyrir áframhaldandi kvalir. Það sama á við um hross sem ekki halda holdum. Nauðsynlegt er að auka skipulagða hreyfingu á þeim hrossum sem hafa til þess heilsu og endurskoða beitarstjórnun á bænum.**

## Holdastigun og mat á fitusöfnun í makka

Hross	Lýsing eiganda	Holdastig (1-5)	Makki (1-5)	Annað
Vigdís 3 v	Þykkun í makka frá því í sumar	4	2	
Dagfari 3 v	Þykkur makki og háls frá í sumar	4	2	
Starkaður 7 v	Þykkur makki frá því í vor og sumar. Skemmdir í tönnum	3,5+	2	Dökkir blettir í einni framt efri g og 2 neðrig Ekki skemmdar tennur
Fengur 10 v	Þykknandi makki frá í sumar	4	2	
Skorri 10 v	Þykkur, harður makki, versnandi. Ofnæmi á stundum	3,5	3-4	
Óskadís 11 v	Þykkur makki, versnandi	3,5	3	Aðeins mislitar tennur
Stjarna 12 v	Þykkur, kúptur og harður makki, versnandi	3,5	5	Ekki í brúkun
Söldögg 13 v	Þykkur makki, appelsínuhúð, stíð, gat varla hreyft sig um tíma. Afmyndaðir hófar	3	3+lend	Ekki í brúkun
Litla-Glóð 14 v	Dál. þykkur makki, stíð, gat sig varla hreyft um tíma. Mikið skemmdir hófar	2	2	Ekkert notuð í ár
Spá 14 v	Hefur mikinn kamb, að mestu frá því í vor. Fyljast ekki	3	3-4	Hjá graðhesti í sumar
Sunna 19 v	Dál. þykkur makki og bólga í herðum og skrokki. Hefur 4 sinnum orðið veik síðan 2007. Mikill stíðleiki, hófar mikið skemmdir	3,5	4	Stígur ekki í VA Þykkun á nefi
Spóla 24 v	Veiktist 2007, erfitt að halda holdum á henni síðan. Hófar skemmdir	2,5		Aðeins notuð
Kolbrá 25 v	Breytingar í makka frá í sumar. Hefur átt 7 afkv, missti fyl í vetur	3,5	2	Töluvert notuð Hefur verið hraust
Sproti 18 v	Þykkun í makka frá í sumar	3	2	Mikið notaður
Spói 19 v	Daufur	3		Mikið notaður
Sprettur 22 v	Þykkur makki frá því í ár, stíður og lasinn	3,5	3	Púlsar í hóf en ekki mjög aumur
Sókrates 12 v	Breyting á makka	4	3	Aðeins notaður
Seifur 14 v	Allur bólginn, einnig á haus. Stíður, daufur, lasinn. Útbrot innan lærs.	3	3	
Neisti f. Miðfossum 12 v		3,5	3	Hefur verið á Kúludalsá frá 2006. Í smá brúkun
Dreyri frá Súlunesi 22 v		4	1	Lánshestur sl mánuð + 2009 - 2010
Sjóli frá Gerði 20 v		3	1	Lánshestur í notkun

Sigríður Björnsdóttir,  
dýralæknir hrossasjúkdóma hjá Matvælastofnun